



Starfsreglur vinnuskóla Svalbarðsstrandarhrepps

Umsjónarmaður fasteigna er verkstjóri vinnuskólans og undir hann heyra flokkstjórar.

1. Vinnuskólinn er tóbaks- og vímuefnalaus vinnustaður þar með talið rafsígarettur.
2. Allir nemendur skrifa undir ráðningasamning.
3. Við skráningu í Vinnuskólann er litið svo á að unglingur sé að sýna áhuga á að taka þátt í starfi skólans.
 - a. Honum ber að vinna þau verkefni sem honum eru falin án þess að stöðugt þurfi að ganga eftir því að hann haldi sig að verki.
 - b. Nemandi sýni kurteisi í samskiptum við stjórnendur vinnuskólans, aðra nemendur og íbúa sveitarfélagsins. Í vinnuskólanum vinna allir saman óháð aldri.
4. Mæta ber stundvíslega til vinnu og skila fullum vinnudegi.
5. Nemendur eiga að mæta á hverjum degi til vinnu nema komi til veikindi eða leyfi. Geðþóttamæting nemenda er ekki liðin.
6. Foreldrar/forráðamenn skulu tilkynna beint til viðkomandi flokksstjóra um veikindi eða leyfi, með því að hringja eða senda tölvupóst á postur@svalbardsstrond.is. Fjarvistir frá vinnu er ekki hægt að bæta upp með viðbótar vinnu síðar.
7. Öll óútskýrð fjarvera verður dregin frá launum.
8. Flokkstjóri hefur heimild
 - a. til að senda ungling heim úr vinnu á vinnutíma vegna agabrota og skal flokkstjórinn þá hringja í forráðamenn og tilkynna ástæðu brottvikningar. Til þess þarf þó að vera rík ástæða og eru aðrar leiðir reyndar áður en til þessa úrræðis er gripið.
 - b. Alvarleg brot á starfsreglum þýðir brottvísun að fullu.
9. Fara skal vel með verkfæri og tæki, stunda vinnuna samviskusamlega og fara eftir leiðbeiningum og fyrirmælum yfirmanna.
10. Laun eru greidd fyrir fræðsludaga ef viðkomandi tekur þátt í allri dagskránni af fullri einurð.
11. Unglingar leggja sér sjálfir til allan hlífðarfatnað og skal hann vera samkvæmt aðstæðum og verkefnum. Gott er að hafa með sér bakpoka og merkja fatnað, skó og stígvél.
12. Notkun farsíma við vinnu er óheimil nema með leyfi flokksstjóra. Starfsmönnum og forráðamönnum starfsmanna í vinnuskóla er sérstaklega bent á þessa reglu. Ef starfsmaður er uppvís að notkun farsíma án heimildar flokksstjóra, verður hann sendur með símann heim og ber að koma aftur án símans. Sé þessi regla brotin aftur fær starfsmaður viðvörðun og ef brotið endurtekur sig í þriðja sinn þýðir það brottrekstur.
13. Engin ábyrgð er tekin á fötum nemenda, reiðhjólum, farsímum eða öðrum hlutum sem nemendur taka með sér á vinnustað.
14. Nauðsynlegt er að koma með nesti því
 - a. ekki er leyfilegt að fara af vinnustaðnum nema í matarhléi.
 - b. Kaffihlé er í 15 mín. og varið á vinnusvæði með flokkstjóra.



15. Unnið verður víða um sveitarfélagið, í misjöfnum veðrum og því nauðsynlegt að mæta í vinnuna í fötum við hæfi, með hlífðarföt með sér. Ekki er heimilt að fara heim að sækja föt.
16. Allir nemendur og flokkstjórar þurfa að vera í vesti með endurskinsmerki á vinnutíma.
17. Sé unglingur með það alvarlegt ofnæmi að það hindri þátttöku í hefðbundnum störfum vinnuskólans ber honum að skila inn læknisvottorði því til staðfestingar við skráningu.

Umsögn um frammistöðu nemanda

Allir nemendur Vinnuskólans fá umsögn frá flokkstjóra sínum, um frammistöðu sína að sumarstarfinu loknu. Forráðamenn og nemendur geta beðið um að fá slíka umsögn senda til sín.

Umsögnin er í fjórum stigum: Mjög gott, gott, sæmilegt og ófullnægjandi.

Eftirtalin atriði eru metin: stundvísi, framkoma, tekur fyrir mælum, vandvirkni, sjálfstæð vinnubrögð, samvinna, meðferð verkfæra og afköst.

Helstu verkefna sumarsins er getið og flokkstjóri gefur almenna umsögn í nokkrum setningum um frammistöðu nemandans.

VIRÐING - VINÁTTA - SAMSTARF - EFLING





Farsímanotkun í vinnutíma Vinnuskóli 2022

Reglur vegna notkun farsíma fyrir Vinnuskóla Svalbarðsstrandarhrepps 2022

Athygli er vakin á því að notkun farsíma við vinnu er óheimil nema með leyfi flokksstjóra. Starfsmönnum og forráðamönnum starfsmanna í vinnuskóla er sérstaklega bent á þessa reglu. Ef starfsmaður er uppvís að notkun farsíma án heimildar flokksstjóra, verður hann sendur með símann heim og ber að koma aftur án símans. Sé þessi regla brotin aftur fær starfsmaður viðvörðun og ef brotið endurtekur sig í þriðja sinn þýðir það brottrekstur.

Foreldrar eru beðnir um að votta að þeir séu upplýstir um þessa reglu og afleiðingar þess að hún sé brotin

Ég undirrituð/undirritaður þekki reglu um notkun farsíma hjá starfsmönnum vinnuskóla og afleiðingar þess að hún sé brotin

Nafn starfsmanns _____

Foreldri/forráðamaður _____

Sími forráðamanns: _____

Netfang forráðamanns: _____